## »töfrasproti

Framleiðsla á þessu undratæki hófst í Sviss fyrir meira en 50 árum og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Bamix töfrasprotinn er nánast hljóðlaus, titrar varla og verður samstundis besti vinur þinn í eldhúsinu því hann leysir ólíkustu verkefni með stæl: þeytir, jafnar, saxar, hakkar, malar... Verð frá 11.500,-



»10%  
afsláttur af  
öllum vörum  
fyrir félagi í  
Matvís

**kokka**  
laugavegi 47



opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 ✉ kokka@kokka.is

## Framtíðarsýn

# Framtíðarsýn og stefnumótun fræðslumiðstöðva



Undangengna mánuði hefur verið talsverð umræðu um það í samfélagi okkar iðnaðarmanna hvort fræðslumiðstöðvar okkar ættu að vinna nánar saman og

þá hvernig eða jafnvel hvort þær ættu að sameinast í eina fræðslumiðstöð. Þó svo að því fari að vísu fjarri að þessi umræða sé ný af nálinni má segja að nú hafi verið frekari alvara og þungi á bak við umræðuna en áður. Þar kemur efalaust ýmislegt til en að mínu mati er það eindregin skoðun og ásetningur Samtaka iðnaðarins sem hefur ýtt málinu áfram af meiri krafti og ákveðni en áður.

Sameiginlegur stefnumótunarfundur fræðslumiðstöðva, þ.e. Fræðsluráðs hótels- og matvælagreina, Fræðslumiðstöðvar málmiðnaðarins, Menntafélags byggingar-iðnaðarins og Prenttæknistofnunar um mótun framtíðarsýnar, skilgreiningu afgerandi forsendna og aðgerða ásamt forgangsröðun þeirra, var haldinn í Borgarnesi dagana 30. og 31. maí sl.

Á fundinum átti að fjalla um mótun framtíðarsýnar, skilgreiningu afgerandi forsendna og aðgerða ásamt forgangsröðun þeirra.

Fundurinn tókst að mínu mati í alla staði mjög vel og var ánægjulegt að sjá og heyra þann samhug um frekari samvinnu og eflingu fræðslumiðstöðvanna sem var greinilega ríkjandi.

En þrátt fyrir samhuginn um samvinnu þá voru að mínu mati a.m.k tvær skoðanir um leiðir að lokamarkmiðinu, ef við gefum okkur að lokamarkmiðið sé sameining. Meirihluti fundarmanna virtist að mínu mati aðhyllast sameiningu fræðslumiðstöðvanna með eina yfirstjórn sem fyrst. Og síðan var það minnihlutinn, og þar með undirritaður, sem vildi fara hægar í sakirnar, efla samvinnu miðstöðvanna og meta síðan niðurstöðuna til frekari aðgerða út frá því.

Ég er reyndar á þeirri skoðun að það hljóti að vera langtímamarkmið að sameina fræðslumiðstöðvarnar. Samlegðaráhrif sameiningar yrðu eflaust mikil svo og nýting á starfsfólki og húsnæði. En spurningin er hvort það sé tímabært. Er búið að huga að öllum hliðum málsins? Eru allir eigendur hugsanlegrar fræðslumiðstöðvar sáttir við gjörninginn? Ef svarið er að allir séu sáttir við alla þætti málsins þá er það að mínu mati mjög gott mál og ekki annað að gera en að fleygja sér út í djúpu laugina. En ég vil undirstrika að ég fæ ekki séð að það sé tímabært. Ég tel að menn þurfi að ræða málin áður en að um sameiningu fræðslumiðstöðva getur orðið, hver í sínu horni. Þeir ættu að fara í naflaskoðun með sína fræðslustofnun og vera alveg klárir á því hvaða leið þeir vilja fara.

Að lokum vil ég endurtaka að ég tel að lokamarkmið okkar sem að fræðslumiðstöðvum iðnaðarmanna koma hljóti að vera sameining en við skulum ganga leiðina að því markmiði með gagnrýnum jafnt sem opnum huga.

Þorsteinn Gunnarsson



Allt í eldhús fagmannsins



Dalveggi 4, sími 564 4700  
Hamraborg 14, sími 554 4200



**STÓRELDHÚSIÐ 2005**  
**3. - 4. nóvember**

# **STÓRELDHÚSIÐ 2005**

## **Fageldhúsið**

**Glæsileg sýning og ráðstefna, STÓRELDHÚSIÐ 2005, verður haldin á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK fimmtudaginn 3. og föstudaginn 4. nóvember næstkomandi.**

### **GLÆSILEG SÝNING**

Öll helstu fyrirtæki er þjóna stórelldhúsum verða með sýningarbása þar sem verða kynntar spennandi vörur og nýjungar. Fyrirtækin munu sýna matvörur, drykkjarvörur, tæki, búnað og annað er tilheyrir stórelldhúsum. Er ekki að efa að sýningin verður mjög kærkomin þeim sem vinna í stórelldhúsum.

### **„MAÐUR ER MANNS GAMAN“**

Þá má ekki gleyma því að „maður er manns gaman“ og ætíð fróðlegt og skemmtilegt að hitta fólk sem starfar á sama vettvangi. Hvort sem menn vinna í veitingahúsum, skólaeldhúsum, vinnustaðaeldhúsum, á stofnunum, sjúkrahúsum, hótelum, skyndibitastöðum, í framleiðslueldhúsum eða almennt innan matvælaíðnaðarins. Almennungi er ekki boðið á STÓRELDHÚSIÐ 2005 heldur eingöngu starfsfólki frá ofangreindum vinnustöðum.

### **TÍMI OG STAÐUR**

Ráðstefnan verður haldin eins og áður sagði fimmtudaginn 3. og föstudaginn 4. nóvember 2005 á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK. Ráðstefnan hefst kl. 12.00 og stendur til u.þ.b. kl. 18.30 báða dagana.

### **ÁHUGAVERÐIR FYRIRLESTRAR**

STÓRELDHÚSIÐ 2005 býður einnig upp á fróðlega og skemmtilega fyrirlestra- og kynningardagskrá sem verður báða dagana í fyrirlestrasölum. DAGSKRÁIN verður send út er líður að ráðstefnunni. Í tilefni af ráðstefnunni verður einnig gefið út handhægt KYNNINGARRIT sem fer til ráðstefnugesta.

### **ALLT FRÍTT FYRIR STARFSFÓLKID**

Stórelldhúsið 2005 býður öllu starfsfólki stórelldhúsa frítt inn – bæði á sýningu og fyrirlestra. Sjáumst HRESS - 3. og 4. nóvember næstkomandi!

Með góðri kveðju Ólafur M. Jóhannesson, ráðstefnustjóri omj@islandia.is



# Fagstjórnir aðildarféлага MATVÍS 2004-2005

## Bakarasveinafélag Íslands

**Formaður** Theodór Bender  
Þorvaldur Jónsson  
Geir Bjarnþórsson

## Félag matartækna

**Formaður** Þuríður Magnúsdóttir  
**Varaform.** Þuríður H. Guðbrandsdóttir  
**Gjaldkeri** Hjördís Guðmundsdóttir

## Félag framreiðslumanna

**Formaður** Þorkell Ericson  
**Varaform.** Karl V. Stefánsson  
**Ritari** Kristján N. Sæmundsson

## Félag íslenskra kjötiðnaðarmanna

**Formaður** Jón Karl Jónsson  
**Varaform.** Jóhannes Geir Númason  
**Ritari** Erlendur Kristjánsson

## Félag matreiðslumanna

**Formaður** Sigurður Magnússon  
Sindri Guðmundsson  
Sverrir P. Halldórsson



## Miðstjórn MATVÍS

**Formaður** Níels S. Olgeirsson  
**Varaform.** Þorsteinn Gunnarsson  
**Ritari** Sigurður Magnússon  
Geir Bjarnþórsson  
Jón Karl Jónsson  
Karl V. Stefánsson  
Þuríður Magnúsdóttir  
Lúðvík Leó Lúðvíksson



Merkið tryggir baksturinn



[www.joifel.is](http://www.joifel.is)



Starfsgreinasamband Íslands



Besta bakið er ein Besta bakið - Smíðað í hús - Þú veitst það!



POTTAGALDRAR



gerðu féð mat úr Garra!

NORÐLENSKA



# Ný og stórglæsileg andlitslyfting gerð í afgreiðslu SPV við Borgartún

- stutt viðtal við Jóhanna Mörtu Ólafsdóttur, markaðsstjóra SPV

**Miklar breytingar voru gerðar á útliti og fyrirkomulagi í afgreiðslusalnum í aðalútibúi SPV við Borgartún fyrr á árinu. Yfirbragð afgreiðslunnar er nú allt mun léttara ásýndar og nútímalegra en áður var og segir Jóhanna Marta Ólafsdóttir, markaðsstjóri SPV, að breytingarnar séu eðlilegur hluti þróunar og nútímavæðingar Sparisjóðsins.**

Jóhanna segir að miklar breytingar hafi orðið hjá SPV á síðustu misserum og Sparisjóðurinn sé í mikilli sókn. SPV veitir alhliða fjármálaþjónustu, hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki, þjónustu sem leitast er við að sníða að mismunandi aðstæðum og þörfum hvers og eins viðskiptavinar. Grundvallarþættir í starfsemi SPV eru hagsmunir viðskiptavina, sveigjanleiki og öryggi.

## Sparisjóður í forystu

Jóhanna segir að SPV hafi ævinlega verið í fararbroddi íslenskra fjármálastofnana við að tileinka sér kosti nútímataekni og tölvuvæðingar og um leið hefur Sparisjóðurinn lagt áherslu á að efla persónulega þjónustu og opna viðskiptavinum greiðar leiðir að starfsfólki sem ávallt er boðið og búið að veita þeim aðstoð og ráðgjöf.

## Aldrei betri afkoma

„Þróunin hefur verið á þá leið að hér hefur orðið talsvert mikil nýliðun meðal starfsfólks á undanförunum árum, ungt og vel menntað fólk hefur slegist í hóp reyndra starfsmanna og samspil menntunar og reynslu hefur reynst okkur vel í ört vaxandi fjármálaumhverfi. Nýr sparissjóðsstjóri, Ragnar Z. Guðjónsson, tók við störfum fyrir tæpu ári og við erum full bjartsýni á góðan árangur SPV í framtíðinni. Nýjar afkomutölur sýna líka að við erum á réttri leið. Síðasta ár var annað besta rekstrarár Sparisjóðsins og afkoman fyrstu þrjá mánuði ársins hefur aldrei verið betri.“



Stór hópur þess framínustarfsfólks SPV, sem starfar í Borgartúni, í nýjum og glæsilegum afgreiðslusal höfuðstöðvanna.

## Fjölbreyttur viðskiptavinahópur

Tæplega 80 manns starfa hjá SPV og auk afgreiðslunnar í Borgartúni er SPV með útibúi í Síðumúla og Hraunbæ, auk lítillar afgreiðslu í húsi Orkuveitunnar við Bæjarháls og hjá Öryrkjabandalaginu við Hátún. Jóhanna Marta segir viðskiptavinahóp SPV hafa breyst á síðustu árum, nú sé viðskiptavinahópurinn mun fjölbreyttari en áður. „Mér finnst afar ánægjulegt hversu mikið af konum og ungu fólki er í viðskiptum hjá okkur og hvað viðskiptavinir okkar almennt eru duglegir að nýta sér ráðgjöf þjónustufulltrúanna. Við erum það heppin að flestir þjónustufulltrúarnir okkar hafa afar mikla starfsreynslu og þekkingu á fjármálaheiminum og ráðgjöf þeirra þykir bæði traust og góð.“

## Heppileg stærð viðskiptastofnunar

„Við finnum það líka að viðskiptavinir okkar telja stærð Sparisjóðsins af mjög heppilegri stærð, þar sem allar boðleiðir eru stuttar og ákvarðanatata skjót,“ segir Jóhanna.

## Á ekki hagsmuna að gæta

Jóhanna segir það einnig teljast SPV til tekna að Sparisjóðurinn hafi ekki verið að fjárfesta í fyrirtækjum, hvorki hér á landi né erlendis, og þannig geti hann haldið sjálfstæði sínu og hlutleysi í allri ráðgjöf gagnvart viðskiptavinum sem meti það mikils.

Eins og kunnugt er hafa stóru íslensku bankarnir herjað mjög á erlendan markað en Jóhanna Marta segir SPV ekki vera í þeim hugleiðingum. „SPV mun hér eftir sem hingað til einbeita sér að sínum heimamarkaði og gera það vel. Það teljum við fararsælast gagnvart viðskiptavinum okkar,“ sagði Jóhanna Marta Ólafsdóttir að lokum.

# Fróðleikur

## frá framkvæmdastjóra Lífiðnar

Hér að neðan kemur grein sem Friðjón Rúnar Sigurðsson hefur tekið saman um uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðakerfisins. Fjallað er um draumamódel Alþjóðabankans í lífeyrismálum og hvernig íslenska lífeyriskerfið fellur að því módeli.

### Uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins

Alþjóðabankinn (World Bank) hefur lagt til að lífeyriskerfi almennt verði grundvöllur á svokölluðu þriggja stöða kerfi. Lífeyrismál eru svo gott sem hvergi í heiminum í eins góðum málum og á Íslandi, þar sem okkar kerfi er byggt upp eins og Alþjóða-bankinn telur til fyrirmyndar.

### Fyrsta stöð: Almennatryggingakerfið

Hér er átt við opinbert lífeyriskerfi sem fólk greiðir til í gegnum skattana sína. Það byggir á skylduáðild allra landsmanna og greiðir flatan grunnlífeyri eða tekjutengdan lágmarkslífeyri. Meginmarkmið þessa kerfis er tekjujöfnun og samtrygging landsmanna.

Eftir því sem að fólk ávinnur sér meiri réttindi í lífeyrissjóðum þá koma greiðslur frá almennatryggingarkerfinu til með að lækka og jafnvel falla alveg niður hjá flestum okkar. Almennatryggingarkerfið í framtíðinni verður væntanlega einungis fyrir það fólk sem einhverra hluta vegna hefur ekki komist á almennan vinnumarkað í lengri eða skemmri tíma vegna veikinda eða fötlunar.

### Önnur stöð: Lífeyrissjóðirnir

Íslensku lífeyrissjóðirnir, sem öllum landsmönnum ber skylda til greiða til skv. lögum, starfar undir opinberu eftirliti og byggir á fullri sjóðsöfnun líkt og Alþjóðabankinn telur æskilegast. Meginmarkmið þessa kerfis er sparnaður til að standa undir eftirlaunalífeyri með samtryggingu sjóðfélaganna. Lífiðn er sameignarsjóður með þessum eiginleikum.

Öllum launamönnum er skylt að greiða í lífeyrissjóð frá 16-70 ára aldurs af öllum sínum launum. Eftirlit með þessu fer fram hjá skattayfirvöldum. Ástæðan fyrir skylduáðild að lífeyrissjóði er meðal annars sú að allir launþegar ávinni sér sambærileg réttindi til eftirlauna-, örorku-, maka- og

## GULLVILD

- vertu góðu vanur

Í Gullvild færðu betri kjör og frábæra þjónustu

#### Dinn ávinningur:

- 200 friar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkort
- Betri vaxtakjör

GULLVILD ÍSLANDBANKA er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drjúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustubættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á [isb.is](http://isb.is).



ÍSLANDBANKI | 100%

barnalífeyris og séu ekki eingöngu upp á almannatryggingar komnir þegar kemur að töku lífeyris. Réttindi ávinnast í réttu hlutfalli við iðgjöld í sjóðinn; því meira sem greitt er inn, því meiri réttindi skapast.

**Þriðja stoð:  
Viðbótarlífeyrissparnaður  
(séreignarsjóðir).**

Frjáls einstaklingsbundinn sparnaður með fullri sjóðsöfnun er þriðja stoðin sem þarf að vera fyrir hendi samkvæmd fyrirmyndarlíkani Alþjóðabankans. Meginmarkið hans er sparnaður til efri ára með það að leiðarljósi að sjóðfélaginn öðlist meira svigrúm til að ákveða hvenær taka eftirlauna hefst og geti betur skipulagt fyrstu árin eftir að starfsævinni lýkur með því að taka viðbótarlífeyrissparnaðinn út eftir sínum eigin þörfum.

Séreignardeild Lífiðnar uppfyllir öll þessi skilyrði Alþjóðabankans. Ýmsar leiðir er hægt að fara við úttekt sparnaðarins. T.a.m. er hægt að hefja úttekt á innistæðu í sér-eign við 60 ára aldur skv. ákveðnum reglum

eða taka alla fjárhæðina út í einu við 67 ára aldur, svo einhver dæmi séu nefnd.

Mikilvægt er að hafa það í huga að verulegt skattahagræði fylgir því að greiða í viðbótarlífeyrissparnað, þar sem skattfrestun á sér stað hjá þeim sem nýta sér það. Framlag sjóðfélagsins sjálfs er frádráttarbart frá skatti upp að 4% en skattur greiðist svo af útborgun þegar að því kemur. Einnig má ekki gleyma að skv. kjarasamningum á fólki rétt á 2% mótframlagi frá launagreiðanda ef það leggur sjálft fyrir a.m.k. 2% í viðbótarlífeyrissparnað.

Það er alveg ljóst að þeir sem nýta sér þennan möguleika verða í sérflokki á eftirlaunaaldrinum með miklu meiri kaupmátt heldur en sá einstaklingur sem ákvað að nýta sér þetta ekki. Lífeyrisgreiðslur geta verið allt að tvöfalt til þrefallt hærri hjá þeim sem nýta sér þetta með fullri skattfrestun.

Reiknaðu þitt dæmi á [www.lifidn.is](http://www.lifidn.is), og mundu að tíminn vinnur með þér.

Með kærri kveðju,  
Friðjón Rúnar Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Lífiðnar


*Þreföld trygging*

*Gæði / Gæðsileiki / Þjónusta*



**BERNHÖFTSBAKARI**  
STOFNAÐ 1834

**BERGSTAÐASTRÆTI 13 - SÍMI 551 3083**  
elsta brauð- og kökugerð landsins  
170 ára



Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni.  
Verðlaunin nema 10.000 kr.

Lausnir sendist til: Matvís / krossgátan,  
Stórhöfða 31, 112 Reykjavík

Svar þarf að berast fyrir 20. ágúst nk.

Lausnarorð: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_





# Reykjagarður hf

[www.holta.is](http://www.holta.is)

Reykjagarður hf. · Fossháls 1 · 110 Reykjavík · Sími 575 6440 · 110 Reykjavík · Bréfasímar: 575 6490 · [www.holta.is](http://www.holta.is)

**Katla**

## Heildarlausnir

í kössum  
tertuspjöldum  
og pokum

*nýtt og ferskt útlit*

Hafið samband við sölumenn okkar í síma: 567 4422  
eða við Bergsvein í síma: 824 4321

EDAL ehf. - Klettháls 3 - 110 Reykjavík - Fax: 567 4533 - [www.katla.is](http://www.katla.is)

KORTER.IS

# 34. Norðurlandaping matreiðslumeistara haldið 29. apríl -1. maí 2005 á Hotel Hvide Hus í Köge í Danmörku.



MYNDIR FRÁ PINGI NORRÆNNA  
MATREIÐSLUMEISTARA ÁRIÐ 2003

Frá Íslandi komu fimm fulltrúar og voru það Gissur Guðmundsson forseti NKF og Lárus Loftsson, Sigurvin Gunnarsson, Bragi Ingason og Þorvarður Óskarsson.

**Þau mál sem hæst bar á þessu þingi eru eftirfarandi:**

Að aðstoða Balkanlöndin, (Eistland Lettland og Litháen), við að koma á fót svipuðum samtökum matreiðslumeistara og NKF er fyrir Norðurlöndin, einnig að vinna að keppnum og nemaskiptum milli landanna.

Að vinna að áframhaldandi uppbyggingu á dómaraskóla samtakanna.

Að vinna að því að Norðurlöndin verði markaðssett sem ein heild.

Að loksins hefur sá árangur náðst að Norðurlöndin hafa fengið inni í Culinary-nefndinni hjá WACS og er fulltrúinn Harald Osa frá Noregi.

Á Laugardagskvöldinu var Galadinner á Hotel Hvide Hus og var hann að dönskum hætti með *fataservice* á aðalréttinum og boðin ábót sem virtist fara vel í mannskapinn.

Að vanda voru orðuveitingar og fengu eftirfarandi orðuna Gordon Rouge afhenta:

Einar Överás Noregi, Gunnar Negell Dahl Noregi, Bent Videriksen Danmörku, Uffe Nilsen Danmörku, Ingall Anderson Svíþjóð og Lárus Loftsson Íslandi.

Heiðursorða NKF var veitt að þessu sinni og þess heiðurs aðnjótandi var Ib Wess-

mann og voru menn sammála um að hann væri vel að því kominn að hljóta þennan heiður. En í tilfelli Ibs þar sem hann er fyrrverandi forseti NKF nefnist hún heiðursforsetaorðan og til gamans má geta þess að það eru 20 ár frá því að hún var síðast veitt.

Núverandi stjórn Norðurlandasamtaka matreiðslumeistara er skipuð eftirfarandi aðilum: Gissur Guðmundsson forseti, Einar Överás Varaforseti, Hákon Registad, Gert Sörensen, Jesper Tomsen, Rolf Sjödin, Kaisa Hofvander, Martti Lehtinen, Jens Sandström og Þorvarður Óskarsson.



30. mars – 2. apríl, 2006. Fífunni, Kópavogi



Er þitt fyrirtæki skráð?  
[www.matur.is](http://www.matur.is)

Sýnendur munu kynna  
eftirfarandi vöru  
og þjónustu:

Matur

Drykkir

Vín

Hreinlæti

Heilsuvörur

Tæki og búnaður  
fyrir eldhús

Blóm og gjafavara

Postulín

Lín og léreft

Veislupjónusta

Vélar og umbúðir

Bökunarvörur

Sælgæti

Einkennisfatnaður

Nánari upplýsingar:

Icexpo

Höfðabakka 9,  
110 Reykjavík

Sími: 534 7010

Fax: 534 7014

E-mail: [info@icexpo.is](mailto:info@icexpo.is)

[www.matur.is](http://www.matur.is)

# Ferskt lengur, miklu lengur!

## Viðtal við Jóa Fel

LHIS-gerið hefur innreið sína á íslenska markaðinn með glæsibrag. Deigið geymist lengur án þess að glata snefnil af ferskleika. Framleitt af Lesaffre, sem hefur eytt meira en 150 árum í að gleðja bakara.

Flestir bakarar kannast við þau vandamál sem eru samfara frystingu deigs sem inniheldur ger, sér í lagi ef geyma þarf deigið í einhvern tíma. Í kælikápur geymist pressugerðið í aðeins fjórar vikur og því dregur það úr möguleikum bakara til þess að geyma deig lengi eftir að hafa hrært það. Þessi vandamál heyrna nú sögunni til með tilkomu LHIS-gers, sem Katla hefur hafið sölu á. Um er að ræða frosið ger sem hefur þá eiginleika að geymast mun lengur í frysti heldur en ferskt eða blautt ger.

„Ég hef verið mjög ánægður með frostgerið og það hefur komið mér skemmtilega á óvart hversu einfalt það er í notkun,“ segir Jóhannes Felixson, betur þekktur sem Jói Fel í bakaríinu Hjá Jóa Fel. „Bakarar eru almennt gjarnan óviljugir til þess að færa sér í nyt nýjungar sem geta liðsinnt þeim mikið eða einfaldað þeim vinnuna, aðallega sökum þess hve vanafastir þeir verða. Ég kannast við þetta hjá sjálfum mér. Eftir töluverða íhugun ákvað ég samt að slá til og það sem hefur mér hefur fundist skemmtilegast við frostgerið er hve lítill munur er á vinnubrögðum mínum nú og áður en ég hóf að nota það.“

### Framleiddu „Rauðu svöluna“

Katla hóf innflutning á LHIS-gerinu í apríl á þessu ári og hefur það hlotið ákaflega góðar viðtökur. Gerið er framleitt af hinu þekktu franska fyrirtæki Lesaffre, sem hefur frá árinu 1853 framleitt ýmsar vörur fyrir matvælaíðnaðinn. Óhætt er að fullyrða að ekkert fyrirtæki kemst með tærnar þar sem Lesaffre er með hælana í gerfram-

leiðslu og íslenskir bakarar þekkjast fyrir tækið af góðu frá þeim tíma þegar „Rauða svalan“ var seld hér á landi.

„Meðhöndlun gersins er ekki ýkja flókin,“ segir Jói: „Til þess að það haldist frosið þarf að sjálfsgöðu að geyma það í frosti, en annars er frostgerið með nánast sömu áferð og þurrger og rennur vandræðalaust, jafnvel þó að það sé frosið. Þá er þessi tegund

vatn akkúrat engin áhrif á frostgerið, en þó þarf að geyma það við lágt hitastig. Til samanburðar má nefna að pressuger geymist aðeins í fjórar vikur þegar það er geymt við 4°C í kælikápur. Sökum þessa stutta geymslutíma gersins er endingartími deigsins einnig stuttur sem gerir hefðbundið ger að óhagkvæmari kosti. Á hinn bóginn er frostger ferskt við -20°C og helst þannig vikum saman. Jói bendir á að það skili sér í því að bakarar geta treyst því að ef þeir kjósa að frysta deig til þess að nota síðar, helst bæði ferskleikinn og gæðin í mun lengri tíma heldur en ella. Óblandað geymist LHIS-gerið í 2 ár við -18°C án þess að gerjunargeta þess minnki.

### Þægilegra en pressuger

„Rétt eins og margir bakarar leysum við Hjá Jóa Fel gerið jafnan upp í vökva og geymum í kælikápur. Þessa lausn getum við síðan notað í allan okkar bakstur þegar svo ber undir,“ segir Jói. Hann bætir því við að ofur einfalt sé að bæta frostgerinu út í deig á meðan hrært er eða láta það renna sjálfkrafa út í hrærana sem skilar sér í jafnari dreifingu heldur en með pressugeri. „Það er þó best að gera þegar maður er nýbúinn að taka gerið úr frysti svo hægt sé



gers mun ódýrari þegar á heildina er litið, en fjölmargir af mínum kollegum hafa hingað til verið að kaupa inn rándýr frostefni til þess að koma í veg fyrir að blautger taki sig strax og því er blandað saman í hveiti eða aðrar korntegundir.“

Rétt eins og pressuger þarf ekki að hafa áhyggjur af súrefni eða vatnsgufum þegar það kemur að LHIS-frostgerinu. Það þýðir að ekki þarf að pakka gerinu sérstaklega inn í lofttæmdar umbúðir. Þá hefur kalt

að koma í veg fyrir að það hitni og geymslutími deigsins styttest. Þetta er nokkuð sem ekki er hægt með pressugeri.“

Við stofuhita tekur dágóða stund fyrir frostgerið að þiðna. Sé það látið standa í stofuhita eftir að hafa verið tekið úr frysti með -20°C frosti tekur það fimm klukkustundir að ná -6°C og tíu klukkustundir að ná 5°C. Í kælikápur með hitastiginu 4°C tekur það 24 klukkustundir að ná 0°C.



# Kvöldverður með

## Michel Escoffier

Þegar ég var búinn að vera nokkra daga í Kuala Lumpur kom Peter á tal við mig og spurði mig hvort ég hefði áhuga á að koma með sér í Kvöldverð á Chalet veitingastaðnum á Hotel Equatorial með einhverjum Michel Escoffier og kvað ég já við því og spurði hver maðurinn væri og sagði hann mér að hann væri barnabarn Auguste Escoffier hins eina og sanna. Þegar á staðinn var komið var ég kynntur fyrir manningum og þegar hann heyrði að ég hefði unnið á Savoy, þá fór hann fram á það að ég sæti á Háborðinu og átti ég ánægjulegt samtal við hann undir kvöldverðinum, þar sem hann tjáði mér að hann sem stjórnarformaður Escoffier Foundation væri að huga að land vinningum í Asíu, en meðal þess sem stofnunin er með í vinnslu er aukið aðgengi fyrir matreiðslumenn sem eru meðlimir WACS að uppskriftum Escoffier, en svo skemmtilega vildi til að Peter hafði náð að koma íslenska skötuselnum á matseðilinn og líkaði Escoffier og hans fólki vel.

Læt hér fylgja með matseðilinn

Í restina var tekið show með sabayonne sósu og músík, þannig að hljómsveit spilaði ýmis þekkt lög og sá sem var á piskaranum piskaði í takt við músikina og byrjaði Michel Escoffier, og í restina var borið á borð Melóna með áður nefndri sósu, þetta var eitt það skemmtilegasta kvöld sem ég hef eytt á veitingastað.

Sverrir

*Chalet 290605.  
Hôtel Equatorial Kuala Lumpur*

### *Appetizer*

Paper Thin Slices of Kobe Beef, Potato Floss,  
Black Truffle Shavings and Withe Truffle Oil.

### *Entrée*

Australian Queen Scallops with Artichoke Nage  
and Royal Iranian Caviar.

### *Soup*

Cognac Flavoured Lobster Bisque and Nori Cracker.  
Sherbet  
Apple Sherbet with Calvados.

### *Main course*

Roasted Duck braised in Sherry with Pan-grilled Foie Gras,  
Morels and Roasted Garlic Mashed Potatoes.

Or

Braised Oxtail in Red Wine with Sautéed Monk-  
Fish ( Icelandic) and Ceps.


### *Desert*

Cherries Jubileea  
Coffee or Tea  
Ice Pralines

# Heimsmetabók Guinness

1. Heimsins stærsti hamborgari var búinn til 5. september í Saco Montana í Bandaríkjunum árið 1999 af Loran Green og félagum í Hi Line Promotion og vó hann 2.740 kg og var 7,32 m í þvermál.
2. Lengsta pylsan var gerð af J. J. Tranfield ASDA Stones Plc í Sheffield í suður-Yorkshire í Bretlandi 27. – 29. október árið 2000 og var 59,14 kílómetrar á lengd.
3. Lengsta salamípylsan var 486,8 m á lengd og varð til við samstarf Rino Porenti og Pro Loco Zibello og sýnd á Piazza Battisti Zibello í Ítalíu 23. nóvember árið 2003.
4. Stærsta kjötbakan var gerð af 17 nemendum frá Stratford-upon-Avon College, í Warwickshire í Englandi og var hún 9,75 m á lengd, 2,32 m á breidd og 0,61 m á hæð. Fór gjörmingurinn fram á Hand Stadium, Clevedon, Somerset í Englandi 12. apríl árið 1998.
5. Stærsti Doner Kebab sem um getur var búinn til í Rotary club of Limasol á Kýpur 10. júní árið 2001 af Sami Eid Kýpverja. Hann vó 1503,66 kg og var 1,51m á hæð.

Heimildir: Guinness book of records.



**Lausn krossgátu úr síðasta tölublaði.**

**Sigurvegari í síðasta blaði var:**

**Steinunn Björg Gunnarsd.**

**Brunnum 9**

**450 Patreksfjörður**

**Rétt lausnarorð: RÓMANTÍK**

TE & KAFFI

www.teogkaffi.is

## Kaffibarþjónanámsskeið:

**Te og kaffi býður uppá fjölbreytt námskeið í te- og kaffifræðum skólaárið 2005/6.**

Te og kaffi skólinn er staðsettur að Stapahrauni 3, í glæsilegu nýinnréttuðu húsnæði útbúnu með öllum nauðsynlegum búnaði fyrir allt að 24 nemendur. Meðal kennsluefnis þessa önn er **Baristanám, smökkunarnámsskeið** eða "cupping" og margt fleira, í boði eru námskeið fyrir **áhugafólk** um te og kaffi og einnig fyrir **fagfólk** sem vill bæta við þekkingu sína og þjálfun.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Te og kaffi [www.teogkaffi.is](http://www.teogkaffi.is) undir Te og kaffi skólinn og í síma 555-1920.

**Te og kaffi**, Stapahrauni 4, 220 Hafnarfirði, sími: 555-1910, Fax: 555-1950


**MJÓLKA**

# Bíddu bara!

01-8194



## *Heildarlausnir um land allt*



Allt í eldhúsi Faðmannsins

EKRAN EHF.  
VATNAGÖRDUM 22  
104 REYKJAVÍK  
S: 568 7888 • FAX 568 7889  
soludeild@ekran.is

EKRAN EHF.  
ÓSEYRI 3  
603 AKUREYRI  
S: 460 0000 • Fax 460 0001

soludeild.ak@ekran.is

winterhalter

Winterhalter GS 515

# Dýrvitlaus í óhreint leirtau!

Nýr umboðsaðili

Winterhalter uppþvottavélar

**Winterhalter GS 515** býr yfir krafti sem hingað til hefur verið erfitt að temja. Stærri þvottarými, háþrýstivatnstúður og sérhannaðir þvottaarmar tryggja það að heilu fjöllin af óhreinu leirtaui verða tandurhrein.

**Winterhalter-uppþvottavélar fást í mörgum stærðum og gerðum. Hafðu samband!**

FABRIKAN

**BAKO ÍSBERG**

– fyrir fagmenn

Lynghálsi 7 110 Reykjavík Sími 595 6200  
bako@bako.is www.bako.is

